

**Sp.**                                **149. Tillaga til þingsályktunar**                                **[79. mál]**  
um breytta skipan lögreglumála í Reykjavík.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa breytta skipan á yfirstjórn lögreglunnar í Reykjavík, þannig, að bæði hin almenna lögregla og rannsóknar-  
lögregla heyri framvegis undir yfirstjórn lögreglustjóra.

### Greinargerð.

Samkvæmt lögum um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, nr. 98 frá 23. des. 1961, fer lögreglustjóri með lögreglustjórn almennt, en sakadómarmar með stjórn rannsóknarlögreglu. Samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála, nr. 82 frá 21. ágúst 1961, 32. gr., fer sakadómari í Reykjavík með stjórn þeirra lögreglumanna, sem ætlað er að rannsaka brot „að því er þau störf varðar“. Þessi starfsskipting, sem raunar er á ýmsan hátt óljós, verður að teljast miður æskileg. Eðlilegt virðist og sjálfsagt, að lögreglan í heild lúti yfirstjórn eins og sama aðila. Samkvæmt lögum er hlutverk lögreglumanna að halda uppi lögum og reglu, greiða götu manna, þar sem það á við, stemma stigu við ólögmætri hegðun og vinna að uppljóstran brota, sem framin eru, og vera rannsóknardómara til aðstoðar í hvívetna. Þetta ákvæði tekur til allra lögreglumanna.

Í bók þeirri um lögregluna í Reykjavík, er út var gefin að tilhlutan lögreglustjórnarinnar árið 1938, segir svo á bls. 151 m. a.: „Einn þáttur í starfi lögreglunnar hefur frá öndverðu verið athugun og undirbúningur við rannsókn opinberra mála, og í vel og rétt skipuðu lögregluliði er það einn merkasti þáttur starfanna.“

Útan Reykjavíkur starfa lögreglumenn undir stjórn bæjarfógeta og sýslumanna jöfnum höndum að almennri löggæzlu og frumrannsóknum mála. Á hinn bóginn verður jafnan verkaskipting í fjölmennu lögregluliði. Starfa þá sumir aðallega að almennri löggæzlu, en aðrir í sérhæfðum deildum að lausn ákveðinna verkefna: umferðarmála, útlendingaeftirlits, ungmennamála, tæknilegra verkefna, eða að rannsókn afbrota, svo að dæmi séu nefnd. Hvernig svo sem deildaskiptingu er hagað, verður það ávallt grundvallarskilyrði fyrir öflugri og góðri löggæzlu, að náð samstarf sé milli allra deildanna og fullkomið samræmi í starfsemi þeirra. Stjórnendur nútímalögreglu vinna að þeirri samræmingu á skipulagsbundinn hátt. — Yfirstjórn allrar lögreglu í Reykjavík var í höndum lögreglustjóra, þar til sett voru lög nr. 67 frá 31. des. 1939, um dómsmálastörf o. fl. í Reykjavík. Þá var sakadómaraembættið stofnað og kveðið svo á, að sakadómari skyldi fara með stjórn rannsóknarlögreglu, en lögreglustjóri með stjórn hinnar almennu lögreglu. Má vera, að ákvæði þetta hafi mótazt af því, að samkvæmt lögum nr. 67/1939 þurfti lögreglustjóri ekki að fullnægja skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti. Nú er því á annan veg farið. Þarf lögreglustjóri ekki einasta að fullnægja skilyrðum til skipunar í dómaraembætti, heldur er það skilyrði einnig sett til veitingar lögreglustjóraembættisins, að viðkomandi aðili hafi raunhæfa þekkingu á háttum og stjórn lögreglumanna og skipulagi lögreglumála. — Með áður nefndum lögum hefst þannig tvískipting lögreglunnar árið 1939. Hefur sú skipan mála haldizt síðan og gengið furðanlega, en samstarfið þó ekki orðið eins náð og æskilegt væri. Þess ber og að geta, að jafnan hafa valizt hæfir og samvinnuþýðir menn í embætti lögreglustjóra og sakadómara, bæði fyrr og nú. Það skal og skýrt tekið fram, að tilgangurinn með því að vekja máls á þessari breyttu skipan er ekki sá að halla á einn eða neinn, sem vinna eða unnið hafa að lögreglumálum í Reykjavík, hvorki yfirmenn né aðra lögreglumenn. Til þess er engin ástæða. Þetta skipulag er hins vegar hæpið af ýmsum ástæðum, eins og drepið verður á hér á eftir.

Stjórnarskrá Íslands byggir á þrískiptingu valdsins í dóms-, framkvæmda- og löggjafarvald. Leitazt er sérstaklega við að gera dómendur sem óháðasta öðrum störfum alls staðar, þar sem því verður við komið. M. a. er af sumum talið óæskilegt, að einn og sami dómari rannsaki og dæmi sama málið, þar sem hann kunni að hafa myndað sér ákveðna skoðun um niðurstöðu, áður en mál er fullrannsakað og tekið til dóms.

Á Norðurlöndum og annars staðar, þar sem vitað er, mun lögreglan hvarvetna sem heild lúta lögreglustjóra, en ekki handhafa dómsvalds. Þykir þetta sjálfsögð og ótvíræð meginregla.

Allir, sem til þekkja, vita fullvel, hversu brýna nauðsyn ber til, að öll lögreglan vinni saman sem heild og ekki skapist fáleikar eða togstreita milli starfsbræðra, sem vinna við aðgreind embætti. Vafalaust getur nýting starfskrafta orðið mun betri og samvinna nánari og virkari, þegar allir eru í sama báti, undir einni stjórn, og kemur þetta þeim mun betur í ljós sem íbúatala og athafnalíf í borginni vex meira. — Mun það og sanni næst, að almenningur átti sig ekki á þeirri sérstæðu skiptingu á stjórn lögreglunnar, sem er í höfuðborginni, og líti á það sem sjálf-sagðan hlut, að öll lögreglan líti sömu stjórn.

Ljóst má vera, hversu mikilvægt það er fyrir öryggi og traust borgaranna, að sem hæfastir menn veljist til löggæzlustarfa. — Með lögum skal land byggja, en með ólögum eyða. — Starfið verður aðgengilegra og eftirsóknarverðara ungum mönnum og táp miklum, ef lögreglan starfar sem ein heild. Gefst þeim þá fyrir en ella kostur á að kynnst öllum þáttum starfsins nánar og leggja rækt við þau starfssvið, er sérstakan áhuga vekja, hvort sem um er að ræða rannsóknar- og tæknistörf eða almenna löggæzlu.

Þess ber að geta, að verði slík breyting gerð, sem hér er rædd, verður lögreglan að sjálfsögðu hér eftir sem hingað til að hafa nána og góða samvinnu við saksóknara ríkisins, sakadóm o. fl. opinbera aðila, eftir nánari reglum og ákvörðun dómsmálaráðherra.

Rétt er að geta þess, að ekki verður séð, að umrædd nýskipan hafi aukinn kostnað í för með sér, heldur þvert á móti. Horfir hún tvímælalaust til aukinnar hagræðingar frá hagsýslusjónarmiði.

Hin gamla lögreglustöð í Pósthússtræti hefur hingað til sniðið lögreglunni og starfi hennar þröngan stakk. Vera má, að þetta atriði hafi átt sinn þátt í því, að umrædd skipulagsbreyting hefur verið lítið rædd opinberlega á undanförunum árum. En nú er ný og vegleg bygging í smíðum við Hverfisgötu, sem ætluð er starfsemi lögreglunnar í framtíðinni. Ætla má, að hún verði fullbúin eftir 2 ár eða svo. Mun rannsóknardeild lögreglunnar fá þar rúmgott og fullkomið hús-næði við hlið annarra lögregludeilda. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir, að saka-dómur fái þar aðsetur. Til þess að skipulagsbreyting sú, sem hér hefur verið nefnd, nái fram að ganga, þarf nokkurn undirbúning, m. a. þarf að breyta ákvæðum fyrr-greindra laga um dómsmálastörf, lögreglustjórn o. fl. í Reykjavík, og laga um með-ferð opinberra mála. Væri einkar hentugt að nota tíma þann, sem fer í að ljúka byggingu hinnar nýju lögreglustöðvar, til að undirbúa þetta mál, svo að lögreglan geti að þeim tíma liðnum flutt sem ein heild undir nýtt þak, í nýjar aðalstöðvar, sem fullnægja kröfum tímans.